

IS

Bluetooth® fjölvirkur
Tveggja rása tímarofi
Bluetooth® fjölvirkur
Fjögurra rása tímarofi



Viðbótarupplýsingar eru
fáanlegar með því að
skanna QR-kóðann.

EGN200, EGN400

Um ljósnema

EGN200 og EGN400 tímarofarnir eru forritanlegar rafeindaklukkur með vikulegum og árlegum lotum fyrir sjálfvirka stýringu á mismunandi álagi. Dæmi um notkun: Götulýsing, ljósaskilti, verslunargluggar, minnismarki, o.s.frv. Hægt er að stilla hið innbyggða sólúr til að breyta álaginu eftir tíma sólseturs og sólarupprásar. EGN200 og EGN400 stillarnir eru einnig samhæfir við Quicklink vörulínu Hager. Hægt er að tengja EEN002 / EEN003 ljósnema (valfrjálst) til að breyta álaginu eftir birtustigi. Ráðlagt er að framkvæma forritun með snjalltæki í gegnum Bluetooth® tækni með grunnstillingarforritinu (iOS eða Android) sem hægt er að sækja gjaldfrjálst.


Helstu eiginleikar

- Tæki afhent með uppfærðum tíma og degi (frá París).
- Forritun með grunnstillingarforritinu í gegnum Bluetooth® eða staðbundin forritun (fyrir utan árlega).
- Skjár með baklýsingu.
- Sjálfvirk sumartímabreyting.
- Sólúr.
- Forritun eftir dögum eða dagahópum.
- 200 eða 400 forritunarskref (eftir útgáfu) On (á), Off (af), púlsar $\square$.
- Stöðug þvingun í On (á) eða Off (af).
- Tímabundinn On (á) eða Off (af) breytileiki.
- Undantekning (tímabundin, varanleg eða seinkuð) sem hægt er að virkja með fjartengingu með því að nota hnapp.
- Súlurit til að skoða daglegt mynstur fyrir 2 eða 4 rásir (eftir útgáfu).
- Forritunarlegur þegar slökkt í gegnum skjáinn aðeins (með takmarkaðri virkni).
- Ljósnæm stýring í gegnum EEN002 eða EEN003 fastengdan ljósnema.




Þegar farsímatenging er gerð, eða áður en framkvæmdar eru nokkrar aðgerðir skal rjúfa 230V fæðispennuna til klukkunnar.

Skjárir og takkar




Mynd 1: Sýnir skjávara og heimaskjá

Raflagnateikningar



Mynd 2: EGN200 raflagnateikning (2 úttök)



Mynd 3: EGN400 raflagnateikning (4 úttök)

Tæknilysing

Rafmagnsupplýsingar

- Fæðispenna: 230 V~ +10/-15% og 240 V~ ±6%
- Tíðni: 50/60 Hz
- Orkunotkun: EGN200 < 350 mW / EGN400 < 500 mW
- Úttak: 2 eða 4 vixlsnertur (eftir útgáfunni).
- Hámarks rofgeta: AC1 16A 230 V~
- Glóðarperur:
 - afliði með venjulega opna snertu(NO)/2300 W
 - afliði með venjulega lokaða snertu(NC)/1500 W
- Halógenperur: 230 V~ 2300 W
- Flúrperur með jöfnun // (hámark 45 µF):
 - afliði með venjulega opna snertu(NO)/400 W
 - afliði með venjulega lokaða snertu(NC)/300 W
- Flúrperur, án jöfnunar, raðtengijöfnun: 1000 W
- Lítill flúrljós og LED-ljós:
 - afliði með venjulega opna snertu(NO)/400 W
 - afliði með venjulega lokaða snertu(NC)/300 W
- Lágmarks rofgeta: AC1 100 mA 230 V~
- Málhöggbolspenna: 4 kV
- Hámarks skiptihraði við fullt álag: 6 skiptilotur / mínútu

Lýsing á virkni

- Forritunargeta: 200 eða 400 skref eftir gerðinni
- Lágm.tími milli tveggja skrefa: Ein mínúta
- Tíðinákvaðni: ± 0,25 s / dag
- Tækið skiptir í viðbragðsstöðu (slökkt á skjá) eftir eina mínútu án afsl eða óvirkt. Það fer aftur í sjálfvirka stillingu um leið og rafmagn er aftur komið á eða þegar ýtt er á takka.
- Bluetooth® tíðnisvið: 2,4 - 2,483 GHz
 - Hámarks útgæslunarafli: 10 mW
 - Drægni: 10 m í opnu rými
 - Útgáfa: 4.2
- Kröfur fyrir snjalltæki/tölvu
 - iOS útgáfa ekki eldri en 8
 - Android útgáfa ekki eldri en 5.1
 - Windows útgáfa ekki eldri en 10
 - Bluetooth®: Útgáfa ekki eldri en 4.2
- Quicklink tíðnisvið: 868 - 870 MHz
 - Hámarks útgæslunarafli: 25 mW
 - Móttakari flokkur 2
 - Drægni: 100 m í opnu rými
- Einangrunarflokkur: 2
- Aðgerðategund: 2B
- Hugbúnaðarflokkur: Flokkur A
- Hítastig kuluprófs: 75 °C
- Stærð varbúnaðar: 16 A sjálfvar
- Uppgefin spenna og straumur fyrir prófun á rafsegulsamhæfi: 230 V~ / 0,5 A
- Verndarflokkun: IP20 (kassi), IP30 (kassi undir framhlíf)
- Höggþol: IK04

Raflaða

- Varaafgjafi: 10 ár
- Óútskipanleg og óendurhlaðanleg

Kassi

- EGN200 stærð: 36 mm / 2 einingar
- EGN400 stærð: 72 mm / 4 einingar
- Tæki til að festa á yfirborð DIN-rekka samkvæmt EN 60715

- Umhverfi**
- Vinnsluhitastig -5 °C til +45 °C
 - Geymsluhitastig -25 °C til +70 °C
 - Rakastig: 95% við 20°C
 - Mengunarflokkur 2

Tenging með skráfútengi

- Einþætt 0,2 til 4 mm²
- Finþætt 0,2 til 2,5 mm²
- Tegund skráfú: PH1

Ræsing

Með grunnstillingarforritinu

Ef þú notar forritið til að grunnstillta klukkuna skaltu setja upp eins og lýst að neðan.

1. Fáðu beinan aðgang að niðurhalstengli forritsins með því að skanna QR-kóðann, sem prentaður er á klukkuna og handbókina.
2. Settu upp grunnstillingarforritið.
3. Athugaðu að Bluetooth® sé virkt (sjá kaflann **Stillingar / BLUETOOTH**).
4. Paraðu fartækið við klukkuna í gegnum Bluetooth® forritið.
5. Forritaðu tækið í gegnum grunnstillingarforritið. Til að gera þetta skaltu fara eftir leiðbeiningum forritsins um grunnstillingu tímastillisins.

Með staðbundna forritunarviðmóttinu

Í sumum tilfellum þarf að gera eftirfarandi stillingar við ræsing:

- tungumál;
- ár, mánuð, dag;
- klukkustund og mínútur;
- sumartími.


Yttu á takka ▲/▼ til að gera nauðsynlegar stillingar á skjánum.

Yttu á takkann **OK** (í lagi) til að staðfesta.

Eftir að þessar stillingar hafa verið gerðar skiptir klukkan sjálfkrafa yfir sjálfvirka stillingu.


Handvirkar skipanir

Yttu tvisvar á einn af tökkunum fjórum úr skjávaranum til að virkja bakljósið og skipta svo yfir í heimaskjáinn. Yttu á takkann **OK** (í lagi) til að skoða skjáinn fyrir handvirkar skipanir.



Öll forritun og stillingar byggjast á eftirfarandi meginreglu:

- takkar ▲/▼ eru notaðir til að fara á milli úttaka A, B, C og D (eftir útgáfunni).
- til að fletta í gegnum hina mismunandi valkosti handvirkra skipana fyrir valið úttak þá skal ýta stutt og endurtekið á ok (í lagi) takkann.



Mynd 4: sýnir skjámynd handvirkra skipana.

Yttu á takkann ← hvenær sem er til að fara tilbaka til heimaskjásins.

- Valkostir handvirkur skipananna tiltækir fyrir hvert úttak (A, B, C og D) eru:
- ☺: ON (á) eða OFF (af) breytileiki á úttakinu með tilliti til núverandi skipunar. Tækið fer tilbaka í sjálfvirka stillingu í næsta forritsskrefi.
 - ☛: úttak þvingað í ON (á) eða OFF (af) (föst stýring). Þvingunaraðgerðin er notuð til að þvinga úttak í ON (á) eða OFF (af) stöðu. Ekki er tekið tillit til neinna annarra skipana (ON, OFF, tímastillir, puls eða breytilegt) ef þvingunaraðgerð er virk. Aðrar skipanir verða einungis virkjaðar ef hætt er við þvingunaraðgerðina eða með handvirkri skipun í gegnum stýringar framhliðar.
 - ☛: handvirk ON (á) eða OFF (af) breyting á úttaki (skipun í hæsta forgangi og aðeins tiltæk ef tækið hefur þessa hnappa).

Forgangur: Handvirk stilling > Þvingun > Breytilegt

Endurstilla

Það er mögulegt að endurstilla Bluetooth® og fjarskiptaeiningarnar sjálfstætt eða breyta tilbaka í verksmiðjustillingu tækisins.

Endurstilling er aðgengileg í gegnum:

- grunnstillingarforritið;
- staðbundið á klukkunni, fyrir frekari upplýsingar, sjá **Stillingar / Breyta stillingum**.

Valmynd

Ef forritun var framkvæmd í gegnum grunnstillingarforritið þá er ekki hægt að breyta tímabilinu (árlegri lotu) frá staðbundnu valmyndinni.


Yttu tvisvar á einn af tökkunum fjórum úr skjávaranum til að virkja bakljósið og skipta svo yfir í heimaskjáinn.

Yttu og haltu takkanum **OK** (í lagi) til að skoða valmyndina **Programs / Settings** (forrit/ stillingar).

Öll forritun og stillingar byggjast á eftirfarandi meginreglu:

- takkar ▲/▼ eru notaðir til að fara um valmyndir og breyta stillingum;
- takkinn **OK** (í lagi) er notaður til að staðfesta.


Yttu á takkann ← hvenær sem er til að fara tilbaka til fyrra þreps.



* 10 eða 20 forrit eftir útgáfunni

Forrit

Til að opna forritin:




SKRIFA / BREYTA FORRITI

Það er mögulegt að búa til allt að 10 eða 20 forrit (eftir útgáfunni).


Til að búa til forrit:

- Veldu aðgerðina **+ Add** (bæta við);
- Breyttu forritinu.



Skilgreindu síðan vikulegt forrit. Til að gera þetta:

- Forritaðu valið á viðkomandi úttaki (eða úttökum).



Yttu á takkann **OK** (í lagi) eftir að valið er OK (í lagi) til að fara aftur til valmyndarinnar **Edit** (breyta).


- í atvikalistanum, búðu til fyrsta forritunarskrefið með því að velja **+ Add** (bæta við). Hægt er að bæta allt að 40 forritsskrefum við hvert forrit.




Eftir að forritsskref hefur verið valið þarf að taka þrjú skref til að ákvarða röðina:

Skref 1. Skilgreindu tegund aðgerðar sem tengist forritsskrefinu úr 4 möguleikum:


- ON (á) til að virkja valið úttak




- OFF (af) til að afvirkja valið úttak




- PULSE ON (púls á) til að virkja valið úttak í stuttan tíma




- PULSE OFF (púls af) til að afvirkja valið úttak í stuttan tíma




Skref 2. Skilgreindu virkjunarþátt sem tengist forritsskrefinu úr möguleikum fjórum:




- SUNSET* (sólarlag) til að byrja röðina miðað við tíma sólseturs.



- LUM (birta) til að byrja röðina miðað við birtustig. Þetta krefst tengingar EEN002 / EEN003 ljósnema.



- SUNRISE* (sólarupprisa) til að byrja röðina miðað við tíma sólarupprisu.



* Sjálfgefið sólarlag og sólarupprás. Tími sólarlags og sólarupprásar samsvara hnitunum (breiddar, lengdar og tímabelti) sem færð eru inn í valmyndinni **Settings / Astro** (stillingar / sólúr). Sjálfgefið eru þetta hnitin fyrir Strasbourg (Frakklandi) og klukkuúttakið er í raðstillingu forritunar.

Skref 3. Veldu dag (eða daga) vikunnar sem tengjast forritunarskrefinu.




Ýttu á takkann **ok** (í lagi) eftir að hafa valið OK (í lagi) til að staðfesta vikulega forritun forritunarskrefsins og fara tilbaka til valmyndarinnar **List of events** (atvicalisti).

Haltu áfram að stilla forritunina röð eftir röð; hvert forrit er með 40 forritunarskref.

FORRIT GERT ÓVIRKT


Valkosturinn **Disable** (afvirkja) er notaður til að gera allt forritið óvirkt.



• Þegar forrit er afvirkjað eru aðeins hægt að velja „Enable“ (virkja) og „Delete“ (eyða).
• Eftir að „Enable“ (virkja) er staðfest verður aftur hægt að velja „Edit“ (breyta), „Disable“ (afvirkja) og „Delete“ (eyða).

FORRITI EYTT

Valkosturinn **Delete** (eyða) er notaður til að eyða öllu forritinu.




Þegar forriti er eytt þá verður númerið sem því forriti var úthlutað tiltækt þegar búið er til nýtt forrit.

SKOÐUN ATVIKS


Þegar forritsskref hefur verið búið til er valkosturinn **View** (skoða) tiltækur til að athuga forritun atviks:

- tegund aðgerðar;
- á hvaða tíma dags;
- dagurinn (eða dagarnir) sem tengjast forritunarskrefinu.



BREYTA ATVIKI


Þegar forritsskref hefur verið búið til er valkosturinn **Edit** (breyta) tiltækur til að breyta forritun atviks.



Til að breyta tilviki skal endurtaka skref 1 til 3 í kaflanum „SKRIFA / BREYTA FORRITI“.

ATIVIKI EYTT

Valkosturinn **Delete** (eyða) er notaður til að eyða forritunarskrefi í forriti.



TAKKALÁS

Þessi aðgerð er notuð til að læsa lykklaborði klukkunnar. Hana má nálgast í gegnum grunnstillingarforritið eða staðbundið með tökkunum **ok** (í lagi) og **←**.
• Til að virkja þessa aðgerð staðbundið skaltu ýta samtímis á takkana **ok** (í lagi) og **←** (> 3 s) þar til tákníð **⏻** er sýnt (2 s).


Notandinn opnar aðeins heimaskjáinn og skoðar núverandi forrit og stöðu úttakanna.

• Til að afvirkja þessa aðgerð staðbundið skaltu ýta samtímis á takkana **ok** (í lagi) og **←** (> 3 s) þar til tákníð **⏻** er sýnt (2 s).


Notandinn getur opnað allar skjámyndirnar.

Stillingar

Til að opna stillingar:




Valmyndin **Settings** (stillingar) veitir aðgang að eftirfarandi stillingum:



BLUETOOTH

Bluetooth® virkjað


Virkjaðu Bluetooth® aðgerðina ef uppsetningarforritið er notað til að forrita klukkuna.



Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og takkann **←** til að fara aftur í valmyndina **Settings** (stillingar)..


DAGSETNING - TÍMI

Stilling tíma og dags




FASTTENG T INNTAK

Breytilegt / þvingað inntak




Valmyndin **Wire Input** (fasttengt inntak) er notuð til að velja:
• Tegund tækis sem virkjar inntakið (hnappur eða rofi)




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og fara aftur í valmyndina **Wire input** (fasttengt inntak).

- Tengda aðgerð ef valin er tegundin **Push Button** (hnappur):
 - ON/OFF Switch (á/af rofi): Skipun til að virkja eða afvirkja úttakið
 - Contactor (snertill): Snýr stöðu úttaksins við í hvert sinn sem ýtt er á hann
 - Timer ON (tímastillir á): Úttak virkjað í stillanlegan tíma með forstilltum gildum frá 1 s til 24 klst.
 - Timer OFF (tímastillir af): Úttak afvirkjað í stillanlegan tíma með forstilltum gildum frá 1 s til 24 klst.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og fara aftur í valmyndina **Wire input** (fasttengt inntak).

- eða
- Tengd aðgerð ef valin er tegundin **Switch** (rofi):
 - ON/OFF Switch (á/af rofi): Skipun til að virkja eða afvirkja úttakið
 - Forcing ON (þvinga á): Virkjun úttaks þvinguð
 - Forcing OFF (þvinga af): afvirkjun úttaks þvinguð.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og fara aftur í valmyndina **Wire input** (fasttengt inntak).

• Úttakið (eða úttökin) varðandi fasttengda inntakið:




SUMARTÍMI

Þessi valmynd gerir kleift að stilla dagsetningu og tíma fyrir sumartíma samkvæmt landsvæði notkunarinnar. Breytingin á sér alltaf stað á milli 2:00 f.h. og 3:00 f.h.



Veldu tegund SUMARTÍMA stillingar og staðfestu síðan með takkanum **ok** (í lagi).




Tiltækar tegundir:

Tegund	Byrjun sumartíma	Endir sumartíma	Notkunar svæði
Europe*	Síðasti sunnudagur í mars	Síðasti sunnudagur í október	Evrópusambandið
Australia	Síðasti sunnudagur í október	Fyrsti sunnudagur í apríl	Ástralía
Perso	Frjáls dagsetningarstilling	Frjáls dagsetningarstilling	
NEI	Engin breyting	Engin breyting	Ísland


* sjálfgefin tegund

Þegar tegundin **PERSO** er valin þá er hægt að velja:
• Viðmiðunardagsetningar ef endurtaka þarf atvikið á hverju ári á sama tímabilinu.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og takkann **←** til að fara aftur í valmyndina **Daylight Savings Time** (sumartími).

- Fastar dagsetningar ef endurtaka þarf atvikið á hverju ári á sömu dagsetningunum.




SÓLÚR

Valmyndin **Astronomical** (sólúr) er sýnd til að skilgreina nákvæmlega landfræðilega staðsetningu notkunarinnar og reikna þannig sólarupprás og sólsetur sjálfvirk.



Þegar stillingin **Astro** (sólúr) hefur verið valin:

- Veldu viðkomandi úttak A, B, C eða D
- Veldu stillingu sólúrsins:
 - **Sequential** (í röð): Klukkan virkar sjálfvirk frá tíma sólarupprásar og sólseturs.
 - **Specific** (sérstílt): Klukkan virkar með því að sameina tímabilin sem skilgreind eru í forritinu, tíma sólarupprásar og sólarlags og mörk birtustigs.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og takkann ← til að fara aftur í valmyndina **Astro** (sólúr).

Fylltu út nauðsynlegar upplýsingarnar fyrir klukkuna til að reikna sólarupprás og sólarlag sjálfvirk.

- Stílltu breiddargráðu landsvæðis notkunarinnar.
- Stílltu lengdargráðu landsvæðis notkunarinnar.
- Stílltu tímabeltið.


Í verksmiðjustillingunni samsvara breiddargráða, lengdargráða og tímabelti hnitum Strasbourg (Frakkland).



Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og takkann ← til að fara aftur í valmyndina **Astro** (sólúr).


BIRTUSKIL

Valmyndin **Contrast** (birtuskil) er notuð til að stilla hvítgildi skjásins.




BAKLJÓS

Valmyndin **Backlight** (bakljós) er notuð til að stilla birtustig skjásins til að virkja (eða afvirkja) þessa aðgerð.




Til að stilla birtustig bakljóss:



Hægt er að virkja bakljós skjásins tímabundið eða varanlega.


Til að virkja bakljós skjásins tímabundið:




Bakljósið er virkjað* eftir að ýtt er á takka á tækini og í tímabilið 20 s.

* þegar fæðispenna tækisins er 230 V ~.

Til að virkja bakljósið varanlega:




Til að afvirkja bakljósið:




TUNGUMÁL

Veldu æskilegt tungumál úr eftirfarandi: FRANSKA, ÞÝSKA, ENSKA, HOLLENSKA, PORTUGALSKA, SPÆNSKA, ÍTALSKA, GRÍSKA, SÆNSKA.




ENDURSTILLA




Valmyndin **Reset settings** (endurstilla) hefur nokkrar undirvalmyndir:

- **Reset BLE** (endurstilla BLE): Til að endurstilla öryggiskóða Bluetooth® tengilsins.


Eftir þessa endurstillingu verður að endurpara snjalltækið við klukkuna.



- **Reset RF links** (endurstilla fjarskiptatengla): Til að eyða fyrirleggjandi stillingum og fjarskiptatenglum.




- **Return to product factory configuration** (endurstilla til verksmiðjustillingar): Til að stilla tækið aftur á verksmiðjustillingar þess, þ.e. eyða öllum forritum og öllum breytingum á stillingum.




UM

Valmyndin **About** (um) sýnir eftirfarandi upplýsingar:

- vörutíðisunina;
- útgáfu innbyggðs hugbúnaðar;
- útgáfu örtölvunnar;
- útgáfu ræsiforritisins;
- einstaka Bluetooth® auðkennd sem sést í gegnum snjalltækið / tölvuna.



FJARSKIPTATENGLAR




Valmyndin **RF Links** (fjarskiptatenglar) er notuð til að tengja úttak (eða úttök) klukkunnar (móttakara) við eitt eða fleiri Quicklink comfort tæki (20 eða 40 sendar eftir gerð) í gegnum fjarskiptatengil.

i

Þessi valmynd er aðgengileg ef comfort tæki (sendir) er í grunnstillingarham.

Til að tengja comfort tæki:


- Ræstu grunnstillingarferlið á comfort tækinu (sendir) með því að ýta á hnappinn **cfg** á því;
- Veldu inntakið eða hnappinn til að grunnstilla sendinn (fyrir frekari upplýsingar sjá grunnstillingahandbók **quicklink**).
- Veldu úttak tiltækt á klukkunni (móttakara):



Veldu aðgerðina sem á að grunnstilla:

- No function (engin aðgerð): Eyðir aðgerð
- Contactor (snertill): Snýr stöðu úttaksins við í hvert sinn sem ýtt er á hann
- ON (á): Virkjað úttak
- OFF (af): Afvirkjað úttak
- Scene 1 (sviðsmynd 1): Aðgerð fyrir sviðsmynd 1 (ýta og halda OK (í lagi) til að virkja sviðsmyndina)
- Scene 2 (sviðsmynd 2): Aðgerð fyrir sviðsmynd 2 (ýta og halda OK (í lagi) til að virkja sviðsmyndina)
- Timer ON (tímastillir á): Úttak virkjað fyrir stillanlegt tímabil frá 1 s til 24 klst. (ýttu og haltu OK (í lagi) til að stilla tímalengd tímastillisins)
- ON/OFF Switch (á/af rofi): Skipun til að virkja eða afvirkja úttakið

- Forcing ON (þvinga á): Virkjun úttaks þvinguð
- Forcing OFF (þvinga af): Afvirkjun úttaks þvinguð



Yttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og fara aftur í valmyndina **RF Links** (fjarskiptatenglar).

Staðfestu grunnstillingu comfort tækisins (sendis) með því að ýta stutt á hnappinn **cfg** á því.

Uppfæra

Hugbúnaðurinn er uppfærður í gegnum grunnstillingarforritið.

Ný útgáfa af hugbúnaði klukkunnar er lögð til þegar:

- forritið er ræst á snjalltækinu;
- snjalltækið og klukkan eru tengd í gegnum Bluetooth®.



Rafhliðubíllun

Ef aðalafgjafinn er ekki tiltækur og tækið keyrir á rafhliðunni þá birtast eftirfarandi skilaboð:

- staða rafhliðu er lág

Low battery!



OK



Tækið skiptir yfir í viðbragðsstillingu innan 5 mínútna eftir að skilaboðin eru sýnd ef ýtt hefur verið á hvorugan af tökkunum tveimur (**ok** eða **←**).

- staða rafhliðu er alvarlega lág

Critical battery level!



Það slokknar á skjánum og tækið hættir að virka nokkrum sekúndum eftir að skilaboðin eru sýnd. Ekki verður lengur hægt að stilla tækið meðan slökkt er á því (slökkt á skjá vegna rafhliðu).

Hager Controls lýsa hér með yfir að þessi EGN200 og EGN400 tímarofar og fjarskiptabúnaður samræmast meginkröfum og öðrum viðeigandi ákvæðum tilskipunar 2014/53/ESB.

EU-yfirlýsinguna má finna á vefsíðunni:
www.hager.com



Hvernig farga á þessari vöru

(rafmagns- og rafeindatækjaúrgangur).

(Gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópuríkjum með aðskildum söfnunarkerfum).

Þetta tákn á vörnunni eða skjölum með henni gefur til kynna að ekki megi farga henni með öðrum heimilisúrgangi þegar endingartíma hennar er lokið. Þar förgun úrgangs á óviðeigandi hátt getur verið skaðleg fyrir umhverfið eða heilsu manna skal aðskilja hann frá öðrum tegundum úrgangs og endurvinnna á ábyrgan hátt. Á þennan hátt stuðlar þú að sjálfbærri endurnýtingu efnislegra auðlinda.

Einstaklingar ættu að hafa samband við smásöluauðilann sem seldi þeim tækið eða hafa samband við bæjaryfirvöld staðarins til að fá að vita hvar og hvernig þeir geti fargað þessu tæki í endurvinnslu þannig að það sé endurnið á umhverfisvænan hátt.

Fyrirtæki ættu að hafa samband við birgja sína og lesa skilmála sölusamnings þeirra. Ekki má blanda þessari vöru við förgun annars verslunarúrgangs.

Má nota hvar sem er í Evrópu **CE** og Sviss

Bluetooth® orðmerkið og lógó eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun slíkra merkja af Hager er samkvæmt leyfi. Önnur vörumerki og vöruleiti eru eign viðkomandi eigenda.